

Ísafjörður 20. maí 2019

Bréf til bæjarráðs vegna vegar ofan varnargarðs á Ísafirði

Undanfarin ár hef ég verið að keyra veginn ofan varnargarðsins fyrir ofan Urðarveg með ferðamenn á fjórhjólum og hefur þessi leið verið mikilvægur hluti af upplifun minna gesta af ferðinni. Við vorum með ferðalýsingu í öllum okkar auglýsingum og kynningarefni um að farið sé eftir þessum vegi en síðasta vetur var sett upp skilti um að það sé bannað að aka þennan veg.

Ég velti nú fyrir mér hvers vegna þetta bann var allt í einu sett á og hvort það sé einhver leið til að endurskoða þetta og leyfa okkur að halda áfram að keyra þennan veg, eða þurfum við nú að breyta öllu okkar efni og keyra Urðarvegin í staðinn?

Við höfum mjög góða reynslu af því að keyra þennan veg og höfum aldrei orðið vör við að við völdum neinum óþægindum, gangandi vegfarendur hafa veifað og tekið myndir og við virðumst allavega ekki trufla þá. Við leggjum einnig áherslu á góð samskipti og kurteisi við aðra vegfarendur hvort sem þeir eru fótgangandi, hjólandi, akandi eða ríðandi og á þetta allt að geta farið saman ef vilji er fyrir hendi.

Það er von okkar að þið getið tekið þetta mál upp fyrir okkur í bæjarráði og ég er tilbúinn að mæta á fund og skýra út hvers konar starfsemi ég er með og hvernig hún fer fram. Jafnvel að bjóða nefndarmönnum í ferð ef áhugi er fyrir hendi til að þeir geti séð hvernig svona ferð gengur fyrir sig.

Ég hef orðið var við að það gæti ákveðins misskilnings um þessa starfsemi, eins og til dæmis að verið sé að aka utan vega og valda náttúruspjöllum, ég vil taka af allan vafa um þetta.

Það má líka bæta því við að það hefur líka sýnt sig að þessi ferðamáti hentar fötluðum og hreyfihömluðum mjög vel og fá þeir tækifæri til að stunda útivist og náttúruskoðun sem væri annars erfitt fyrir þá að upplifa á þennan hátt. Þessar ferðir eru hrein viðbót við aðra afþreyingu hér í bæjarfélaginu og ætti að taka þeim fagnandi og styðja við eins og hægt er og er það von okkar að geta átt í góðu samstarfi við Ísafjarðarbæ

Bestu kveðjur  
Gunnar Skagfjörð Sæmundsson  
Sigríður Guðfinna Ásgeirsdóttir  
f.h. Engjavegur ehf  
Sími: 8994091  
Netfang: [gss@simnet.is](mailto:gss@simnet.is)

Ísafjarðarbær MÓTTAKIÐ
21. maí 2019
Málsnr. 2019-05-0063
Frumrit - skilist til skjalasafns